

FISKISTOFA

LYKILUPPLÝSINGAR OG GILDI

HLUTVERK OKKAR ER AÐ GÆTA HAGSMUNA ÞJÓÐARINNAR VIÐ SJÁLFBÆRA NÝTINGU AUÐLINDA HAFS OG VATNA.

TRAUST FRAMSÆKNI VIRÐING



Helstu verkefni m.a. :

- Veiting veiðileyfa
- Úthlutun veiðiheimilda
- Rekstur kvótakerfisins
- Útgáfa veiðivottorða
- Veiðieftirlit og beiting viðurlaga
- Mælingar og gagnaöflun fyrir hafrannsóknir
- Stjórnsýslu- og upplýsingamál
- Eftirlit með lax- og silungsveiði
- Viðbrögð við slysasleppingum í fiskeldi
- Eftirlit með hvalveiðum
- Eftirlit með samþjöppun aflaheimilda

Hjá Fiskistofu er fjölbreyttur hópur starfsfólks með ólíka og víðtæka reynslu úr íslensku atvinnulífi. Á sjöunda tug starfa hjá stofnuninni, þar af starfa á fjórða tug á skrifstofu og er hlutfall kynjanna við skrifstofustörf jafnt.

Starfsemi Fiskistofu skiptist í fimm svið:

- Lax- og silungsveiðisvið
- Veiðieftirlitssvið
- Þjónustu- og upplýsingasvið
- Mannauðs- og fjármálasvið
- Upplýsingatæknisvið



Skrifstofa fiskistofustjóra fer með gæða- og lögfræðimál.

SKILVIRK ÞJÓNUSTA

Fiskistofa leggur ríka áherslu á að svara erindum og afgreiða mál eins hratt og auðið er. Á vef Fiskistofu eru birt þjónustuloforð um tímasetta skilvirka afgreiðslu á:

- Útgáfu veiðileyfa
- Millifærslu á aflamarki og hlutdeildum
- Útgáfu veiðivottorða og vinnsluvottorða
- Útgáfu vigtunarleyfa
- Öflun gagna úr gagnagrunni Fiskistofu
- Aðgangi að rafrænum þjónustukerfum
- Leyfum vegna framkvæmda við ár og veiðivötn


VEIÐIEFTIRLIT

Við veiðieftirlit starfa um 30 starfsmenn á sex starfsstöðvum og fer eftirlitið fram til lands og sjávar. Fiskistofa hefur heimildir til að grípa til aðgerða þegar tilefni eru til. Veiðieftirliti er stýrt á grundvelli áhættumats og er rafrænt eftirlit umfangsmikið. Fiskistofa sinnir jafnframt eftirliti með veiði á göngusilungi í sjó og framkvæmdum við veiðivötn.

Alls voru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu 683 daga við eftirlit á sjó árið 2019.

- Heildarafli íslenskra fiskveiðiskipa árið 2019 var 1.048 þúsund tonn
- Fjöldi útgefna veiðileyfa til aflamarksskipa og krókaafلامarksbáta var 1.148 og fjöldi sérveiðileyfa alls 1.103
- Um 60 hafnarvogir eru í landinu og um 100 fiskvinnslur, fiskmarkaðir og aðrir aðilar með vigtunarleyfi frá Fiskistofu


FJÖLDI DAGA VIÐ VEIÐIEFTIRLIT SUNDURLIÐAÐ EFTIR BROTTFARARSTAD



Á ári hverju koma upp brotamál við veiðieftirlit Fiskistofu. Árið 2019 voru þau 219.

Niðurstöður brotamála hjá Fiskistofu geta m.a. endað með: sviptingu veiðileyfis, formlegri áminningu, afturköllun vigtarleyfis og að mál séu send til lögreglu eða annars stjórnvalds.

BROTAMÁL



LAX- OG SILUNGSVEIÐISVIÐ

Meginhlutverk lax- og silungsvæðisviðs er að stuðla að sjálfbærri nýtingu lax- og silungastofna í ám og vötnum og verndun búsvæða þeirra. Það felur m.a. í sér að:

- Stuðla að uppbyggingu og styðja við starfsemi veiðifélaga
- Stuðla að því að nýting og starf veiðifélaga taki mið af stöðu lax- og silungastofna
- Meta umsóknir um leyfi til framkvæmda við veiðivötn
- Veita umsagnir vegna skipulagsmála sveitarfélaga
- Stjórna aðgerðum vegna slyssaleppinga í fiskeldi

FISKISTOFA Á ALPJÓÐAVETTANGI

Fiskistofa er virkur þátttakandi í samstarfi þjóða um sjávarútvegsmál og í hagsmunagæslu íslenskra stjórnvalda á þeim vettvangi.

Dæmi um samtök og fundi sem fulltrúar Fiskistofu taka þátt í:

- Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðiráðið
- Norður-Atlantshafs fiskveiðiráðið
- Samstarf um framþróun fjareftirlits- og tilkynningakerfis fiskiskipa á norðanverðu Atlantshafi
- Tvíhliða samningafundur með nágrannabjóðum um veiðar á deilistofnum
- Alþjóðlegar stofnanir sem veita ráðgjöf vegna nýtingar laxa- og silungastofna
- Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðið
- Starfshópur sérfræðinga á vegum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærar veiðar
- Starfshópur sérfræðinga um reglur og eftirlit með uppsjávarveiðum
- Samstarfshópur um glæpastarfsemi í sjávarútvegi

BROT ÚR FRAMTÍÐARSÝN FISKISTOFU

- Hröð, skilvirk, áreiðanleg og rafræn þjónusta
- Aðgengileg gagnaveita með skýrar og notendavænar upplýsingar fyrir almenning og hagsmunaaðila
- Skilvirkt og framsækið eftirlit með auðlindanýtingu
- Gagnsær rekstur í samræmi við áætlanir og stefnu stjórnvalda
- Eftirsóknarverður vinnustaður í fremstu röð

ÞRÓUNARSAMVINNA

Fiskistofa tekur þátt í þróunarsamvinnu fyrir Íslands hönd á vegum utanríkisráðuneytisins í samstarfi við Alþjóðabankann og stjórnvöld á hverjum stað.

- Mikil eftirspurn er eftir sérfræðipækningu Fiskistofu á sviði fiskveiðistjórnunar
- Ráðgjöf er veitt um fiskveiðistjórnun sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu fiskstofna og spornar gegn ofveiði

RAFRÆN FISKISTOFA

Fiskistofa leggur áherslu á að veita viðskiptavinum aðgang að eftirfarandi rafrænni þjónustu:

- Rafræn afgreiðsla veiðileyfa
- Rafræn útgáfa veiðivottorða sem tryggja að löglega veiddur íslenskur fiskur fái aðgang að verðmætustu mörkuðum á grundvelli vandaðrar fiskveiðistjórnunar sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu.
- Rafrænar millifærslur á aflamarki
- Rafrænar afladagbækur í stærri skipum og nú í smáforriti í snjallsíma fyrir smærri báta
- Vefur með gagnvirkum síðum fyrir margvíslega tölfraði um veiðar og aflaheimildir
- Birting löndunarupplýsinga og kvótastöðu allra skipa í rauntíma
- Rafræn skil á vigtar- og ráðstöfunarskýrslum frá fiskkaupendum

Verkefni framundan:

- Unnið er að þróun „mælalorðs sjávarútvegsins“ þar sem notendur geta á einfaldan hátt sótt lykilupplýsingar úr gagnagrunnum
- Unnið er að þróun á rafrænum skilum endurvigtunarupplýsinga
- Unnið er með Island.is að stafrænum verkefnum

UMHVERFISMÁL

Starfsemi Fiskistofu tengist fjórtánda heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna og umhverfisvernd að stóru leyti. Fjórtánda markmiðið fjallar um verndun og nýtingu hafsins og auðlindir þess á sjálfbæran hátt til að stuðla að sjálfbærri þróun.

Verkefni stofnunarinnar á þessu sviði eru til dæmis:

- Tryggja að farið sé eftir ákvörðunum um leyfilegan heildarafla og stuðla þannig að sjálfbærri nýtingu
- Virkt eftirlit með veiðum og veiðiaðferðum
- Eftirlit með því að verndarákvæði séu virt
- Þátttaka í gagnaoöflun til að fylgjast með vexti og viðgangi fiskistofnanna
- Leyfisveitingar og eftirlit vegna framkvæmda við veiðivötn
- Þátttakandi í Grænum skrefum í ríkisrekstri

